



Knattspyrnudeild Njarðvíkur

Skýrsla umsjónaraðila Íþróttasvæðisins við Afreksbraut 2019

Formáli

Knattspyrnudeildar Njarðvíkur leggur hér fram skýrslu fyrir sumarið 2019 samkvæmt rekstarsamingi um Íþróttasvæðið við Afreksbraut. Líkt og kom fram í Viðhaldsáætluninni í vor þá var þetta lýsingin á ástandi svæðisins í vor í stuttu máli „*veturinn ekki búin að vera slæmur, grasvæðið kemur ágætlega undan vetri*“. Öll vinna í ár var hefbundin líkt og áður en það er farið yfir hana í hverjum lið fyrir sig. Svæðið er eins og alltaf seint til að taka við sér, eða öllu heldur fer rólega af stað, en fer batnandi uppúr miðjum júní. Sumarið í sumar var ágætt gróðurfarslega það voru helst til stór rigningar í september sem gerðu vinnuna erfiðari og tafsamari en allt gekk þetta þó.

Áburðargjöf

Eins og sagt var frá í viðhaldsskýrslunni sl. vor þá voru voru sýni tekin úr svæðinu af Brynjari Hannessyni grasvallatækniþæðing sl. haust. Út úr því kom að Bjarni lagði til að breyta um áburð en nota sama áburðarmagn og áður. Allur áburður var keyptur hjá Skeljungu nema YARA áburðurinn í síðustu gjöfinni hann var keyptur hjá Sláturfélgi Suðurlands. Notast við áburðardreifara sem deildin á og dregin er af fjórhjóli.

Áburðargjöf sumarsins er áætluð eftirfarandi;

Áburður	Tímabil	Borið á	Magn
Sprettur 12-11-20	14 - 15 vika	20. apríl	600 kg
Sprettur 20-5-13	19 - 20 vika	15. maí	600 kg
Sprettur 20-5-13	24 vika	14. júní	600 kg
Sprettur 20-5-13	31 vika	1. ágúst	600 kg
Yara kalskaltp	35 vika	1. september	600 kg

Sláttur

Slátturinn er unnin líkt og áður og notumst við við sláttuvél deildarinnar, fyrir utan nokkur skipti þar sem við fengu vél frá GS leigða. Aðalvöllurinn var að mestu sleginn u.þ.b. tvisvar í viku og þrisvar þegar spretta var sem mest, sem réðst af leikjum hvaða daga var slegið. Æfingasvæðið var slegið tvisvar í viku.



Fyrsti sláttur 2. maí

Merkingar á velli

Allar merkingar voru framkvæmdar af vallarstarfsmanni og notast var við grasvallamálningu frá Slippfélaginu. Allar útmælingar á völlum voru framkvæmdar af Verkfræðistofu Suðurnesja.

Götun og söndun

Svæðið var tappa gatað í lok október 2018 og og sandað um maí mánuð. Sandur var keyptur hjá Hraun og sandi í Hafnafirði eins og undanfarin ár. Stefnt var að því að fá götun aftur um mánaðarmótin júlí/ágúst en það fengust ekki tæki í það. Svæðið var allt slóðadregið að lokinni söndun. Stefnt er að gata núna í októbermánuði líkt og sl. haust og er það í vinnslu.

Vökvun á svæði

Ólíkt sl. sumri þurftum við að grípa til þess að vökva talsvert og sérstaklega í einum löngum þurrka kafla. Deildin festi kaup á nýjum vatnsúðara þar sem úðararnir sem við áttum fyrir voru farnir að gefa sig og vatns slöngurnar líka. Þessi úðari afkastar talsvert meiru en þeir sex saman sem við notuðum áður enda stærðarmunur á. Mögulega á hann að geta afkastað meiru ef meira vatnsmagn kæmi að honum, en þá þarf að fá sverari vatns slöngur. Æskilegast væri að við myndum eignast annan svona úðara.



Nýji vatnsúðarinn

Viðgerðir

Grassvæðið kom ágætlega undan vetri og þurfti líðið að gera við. Eins og áður fór almenn viðhaldsvinna fram með grasfræi. Grasfræi er dreyft reglulega í minni skemmdir en í stærri skemmdir er fræinu blandað saman við gróðurmold og sand, sem síðan er sett í skemmdir. Þessi aðferð hefur gagnast best, enda kemur árangurinn fljótlega í ljós. Búið er að gera við það sem var sýnilegt eftir að notkun lauk.

Grasfræið sem við notum er það sama og undanfarin ár og fengið hjá Gras Tec ehf á Akranesi.

Innihald fræblöndunar er eftirfarandi;

Túnvingull 10 %

Lovísa Vallarsveifur 50%

Lárus Vallarsveifur 10%

Lovísa Ríggresi 10 %

Ronja Ríggresi 10 % SW Corvus

Notkun á svæðinu

Notkun á svæðinu í ár var sviðuð og undanfarin ár og því álagið svipað. Fyrsta útæfing var 4. maí hjá meistaraflokki á æfingasvæðinu, fyrsti leikurinn 11. maí og notkun þess lauk 27. september. Yngri flokkar hófu æfingar hver af öðrum eftir mánaðarmót maí/júní. Alls voru leiknir í sumari 54 leikir á svæðinu og ætla má að rúmlega 500 æfingar hafi farið fram frá maí fram í september.

Vallarhúsið

Húsið er í notkun allt árið og þá annahvort vegna íþróttanotkunar eða félagsstarfsemi. Framkvæmdum við nýtt anddyri sem deildin sá sjálf um lauk á vormánuðum og það tekið í notkun í kjölfarið. Búningsklefar og gangur voru málaðir einnig á vormánuðum á vegum Reykjanesbæjar. Samatekt á viðhalda hússin verður send til Reykjanesbæjar.

Starfsmenn

Fyrir utan vallarstjóra vorum við með tvo unglinga í vinnu á vellinum í sumar frá vinnuskólanum í júlí og fyrri hluta ágúst. Eins og áður voru starfskraftar fengnir frá stjórnarmönnum sem komu þegar einstaka verkefni voru unnin. Einnig réðum við aukamanneskju til að sjá um þrif innanhúss yfir sumartímann.

Hjalti Már Brynjarsson hjá Grjótgörðum var ráðgjafi okkar í árinu eins og í fyrra varðandi grassvæðið.

Að lokum

Ástandið á grasvæðum eftir sumarið er nokkuð gott og búið er að gera við sjáanlegar skemmdir. Það komu hressilegir rigningardagar eða vikur í september og mátti sjá á keppisvellinum sérstaklega eftir lokaleikinn í sumar. Allar skemmdir hafa jafnað sig eftir hann.

Í skýrslu okkar í fyrra haust nefndum við það að mikið vatn hafi borist inná völlinn í stór rigningum þá um sumarið og haustið. Ekkert hefur borið á því í sumar þó rigningar hafi verið talsverðar á undanförunum vikum. Þetta tengdist eitthvað framkæmdum í heiðinni við vatnslögn, en vandamálið er núna vonandi úr sögunni.

Við munum sækjast eftir því að fá að halda áfram að sjá um rekstur og umsjón á þessu íþróttasvæði, við höfum til þess reynslu, útsjónarsemi og vilja til að bera ábyrgð á því sem okkur er falið.

Reykjanesbær 2.10 2019

Fyrir hönd Knattspyrnudeildar Njarðvíkur

Leifur Gunnlaugsson

framkvæmda og vallarstjóri